



# LÝÐHEILSU- OG ÆSKULÝÐSNEFND HRUNAMANNAHREPPS

## 10. fundur Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar Hrunamannahrepps var haldinn þriðjudaginn 9.1.2024. kl. 16.00 í Ráðhúsinu á Flúðum

Mættir til fundar, Sigfríð Lárusdóttir formaður, Ragnheiður Björg Magnúsdóttir aðalmaður, Heimir Sigurðsson aðalmaður, Gunnar Gunnarsson verkefnastjóri Heilsueflandi samfélags og Arna Þöll Sigmundsdóttir forstöðumaður íþróttamannvirkja.

1. Gunnar og Arna fara yfir uppkast af reglum íþróttamannvirkja.
  - a. Arna hefur sett upp drög af reglum fyrir íþróttahúsið á Flúðum og kynnir. Umræður myndast um hvað þurfi að koma fram í reglum og hvernig þær séu settar fram.
  - b. Skoða með læsta skápa í íþróttahúsi en ekki pláss fyrir læsta skápa í sundlaug.
  - c. Arna mun hreynskirfa þær hugmyndir sem komu fram á fundinum og leggja reglurnar fyrir nefndina.
2. Rætt hugmyndir um breytingar á líkamsrækt í íþróttahúsinu
  - a. Gunnar kynnir teikningar frá Gunnþóri. Ákveðið að nefndin fari og skoði aðstæður í tækjasal og nýju áætluðu rými fyrir tækjasal.
  - b. Áætlaður vinnufundur mánudaginn 15. Janúar kl 19.15.
3. Dagsetning Heilsuviku Hrunamannahrepps
  - a. Lakt er til að heilsuvikan 2024 verði 9.-15. September 2024
4. Hugmyndir fyrir dagskrá Heilsuviku
  - a. Svipað snið og síðasta ár. Fá hugmyndir frá ungmennaráðinu.
  - b. Finna meira sem höfða til unglinga
  - c. Ná fleiri íbúum til að taka þátt.
  - d. Gera áskorenda keppni
  - e. Fá fyrirtæki og stonfanir til að taka betur þátt í verkefninu.

Fundi slitið kl 17.40